

9. gr.
Viðurlög.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar geta varðað viðurlögum skv. 99. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.

10. gr.
Kæruheimild.

Um kæruheimildir á grundvelli þessarar reglugerðar fer skv. 98. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.

11. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 37. gr., e-lið 38. gr., 65. gr., 65. gr. a og 66. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 2. desember 2004.

Árni Magnússon.

Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.

REGLUR

um breyting á reglum nr. 16/2004, um skattmat vegna tekna manna tekjuárið 2004, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað fjárhæða vegna dagpeninga innanlands á tímabilinu okt. – des. í kafla 3.2 Frádráttur á móti dagpeningum komi:

	okt. – des.
Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring	13.100
Fyrir gistingu í eina nótt	7.500
Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	5.600
Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	2.800

2. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 121. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 3. desember 2004.

F. h. r.
Marianna Jónasdóttir.

Guðmundur Thorlacius.